

Tilgangur meistaránáms er að veita nemum fræðslu, þjálfun og undirbúning þannig að þeir geti staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði.

<i>Stjórnunar- og rekstrargreinar</i>		<i>17 einingar</i>
Bókhald og skjalavarsla	MBS 101	1 ein.
Innkaup og birgðastýring	MIB 101	1 ein.
Kennsla/þjálfun	MKE 102	2 ein.
Reikningsskil	MRS 103	3 ein.
Rekstrarumhverfi	MRU 102	2 ein.
Stjórnun	MST 104	4 ein.
Sölutækni og samskipti	MSÖ 101	1 ein.
Viðskiptastærðfræði	STÆ 243	3 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 27. desember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2001 um breytingu á ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000 og 3/2000 um gildistöku nýrra reglna um flugrekstur með þyrlum, JAR-OPS 3, Change 1.

Samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000 og nr. 3/2000, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 753/2000 og nr. 987/2000 um gildistöku nýrra reglna um flugrekstur með þyrlum JAR-OPS 3, Change 1, tóku reglur JAA um flugrekstur með þyrlum JAR-OPS 3, Change 1, gildi frá og með 1. janúar 2001.

Flugmálastjórn hefur ákveðið að þeim aðilum sem fyrir gildistöku reglnanna stunduðu flugrekstur í flutningaflugi með þyrlum í sjónflugi sé hér með veittur frekari aðlögunartími að ákvæðum JAR-OPS 3 Change 1. Aðlögunartími þessi skal teljast frá gildistöku reglnanna frá og með 1. janúar 2001 til 31. desember 2002.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, verður ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Reykjavík, 20. desember 2001.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.